

Mánudaginn 13. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1893:

Hannes Þorsteinsson
gegn

E. Egilsson fyrir hönd agents:

B. L. Baldwinssonar.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í hjerði fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar af E. Egilsson fyrir hönd agents Baldwin L. Baldwinssonar gegn ritstjóra Hannesi Þorsteinssyni út af ummælum í blaði hans »Þjóðólfi«, er Baldwin taldi meiðandi fyrir sig, og var það dæmt í nefndum rjetti 29. júnímánaðar þ. á. með þeim úrslitum, að Hannes Þorsteinsson var dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs — til vara 6 daga einfalt fangelsi — og til að greiða málskostnað með 15 kr. Svo voru og hin átaldu ummæli dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefur Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 20. júlí þ. á. og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að hann verði dæmdur sýku af öllum kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan af málinu leiðandi kostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi. Hinsvegar hefur hinn stefndi krafizt hins sama og fyrir bæjarþingsrjettinum, sem sje:

að hin uppástefndu ummæli áfrýjanda verði dæmd dauð og marklaus,

að áfrýjandi verði sektaður fyrir þau eptir laganna ýtrasta strangleika, og

að áfrýjandi verði dæmdur til að borga allan af máli.

þessu leiddan og leiðandi kostnað skaðlaust eptir rjettarins mati.

Þess skal þegar getið, að með því að stefndi ekki hefur gagnáfrýjað málinu, verður að líta svo á, að krafa hans sje sú, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur; svo hefur hann og krafizt, að áfrýjandi greiða stefnda málskostnað einnig fyrir yfirdómi, eins og líka, að mótparturinn verði sektaður fyrir að hafa í sóknarskjali sínu fyrir yfirdómi viðhaft orðið »flakk« um ferðalag agentanna, og það dæmt dautt og marklaust.

Hin átöldu orð og ummæli eru prentuð í 12. tölu-
blaði 45. árg. »Þjóðólfs« 17. marz 1893 í athugagrein ritstjórans (áfrýjanda) við grein B. L. Baldwinssonar agents, sem nefnist «Nokkur ávarpsorð frá Baldwin«, og eru þau orð, sem stefndi telur meiðandi fyrir sig. Þessi: »til að narra fólk hjedan vestur á eyðisljettur Kanada, þar sem »allt brennur og frýs«, í sambandi við athugagreinina í heild sinni, sjerstaklega þessi orð: »dirfumst vjer að segja að þar kom fyllilega í ljós almennur vilji í því að sýna agentunum alvarlega fram á, hversu starfsemi þeirra hjer á landi væri vel þokkuð, og hvert þakklæti þeir ættu skilið fyrir hinar vesturheimsku »humbugs«-prjedikanir, er þeir hafa flutt svo að segja í hverjum krók og kima hjer á landi, (til að narra fólk hjedan etc.).

Orð þau, sem stefndi einkum og sjer í lagi telur meiðandi fyrir sig, eru »til að narra« í sambandi við áður umgetin ummæli. Orðin »að narra til« eru út af fyrir sig ekki meiðandi; þau þýða alls ekki sama og að »fleka til«, heldur sama og að »fá« eða »lokka til«, en sjeu þau viðhöfð í því sambandi, að tilgreind eru þau meðul, sem viðhöfð eru til að narra, og þau eru

Þess eðlis, að aðdróttun um að nota þau verður að teljast meiðandi, þá er öðru máli að gegna. Í grein þeirri, sem hér er um að ræða, eru meðul þessi nefnd »humbugs«-prjedikanir. En þetta orð verður eptir atvikum og eptir sambandinu ekki skoðað sem meiðandi, því það er einungis lýsing og aðfinnsla (kritik) á fyrirlestrum agentanna, og sem ekki segist á, þegar hún ekki kemur fram í óvirðandi eða móðgandi búningi. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli. Krafa stefnda um að sekta málaflutningsmann áfrýjanda fyrir að hafa viðhaft orðið »flakk« um ferðalag agentanna og um ómerking á því orði verður eptir atvikum ekki tekin til greina. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, ritstjóri Hannes Þorsteinsson á að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda E. Egilsson fyrir hönd Baldwins L. Baldwinssonar í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Nr. 30/1893:

Hannes Þorsteinsson
gegn

E. Egilsson fyrir hönd Sigurðar
Kristóferssonar.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir bæjarþingsrjetti